


Lítill kútur

Til elsku litla Gúnda
frá ömmu.

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir



Lít--ill kút - ur lúr--ir hér ljúft í faðm-i mín-um.
Laumar hönd í lóf--a mér, lok--ar aug--um sín--um.



Ber-ast ung--u brjósti frá best--u mannsins kenndir



er þú geisl-a ást-ar þá inn í líf mitt send-ir.

Lánið ætíð leiði þig
ljúfi ömmu drengur,
er þú fram um ókunn stig
ævi veginn gengur.
Gættu, elsku Gúndi minn,
gæfu þinnar, hljóður.
Vertu, eins og afi þinn,
öllum mönnum góður.

